

MINNINGAR

SVEINBJÖRG
HELGA KJARAN

† Sveinbjörg Helga Kjaran Sophusdóttir Blöndal fæddist á Siglufirði 8. des. 1919. Hún lést á hjúkrunarheimilinu Skógarþæ í Reykjavík hinn 7. júlí síðastliðinn. Foreldrar hennar voru Sophus Auðunn Blöndal, forstjóri á Siglufirði, f. 5. nóv. 1888 í Reykjavík, d. 22. mars 1936, og Ólöf Þorbjörg Hafliðadóttir, húsmæðrakennari í Reykjavík, f. 10. des. 1894 á Siglufirði, d. 26. maí 1976. Foreldrar Sophusar Auðuns voru Björn G. Blöndal, læknir á Siglufirði og víðar, f. 19. sept. 1865, d. 27. sept. 1927, og Sigríður Blöndal Möller, f. 16. mars 1865, d. 25. jan. 1945. Foreldrar Ólafar voru Hafliði Guðmundsson, hreppstjóri á Siglufirði, f. 2. des. 1852, d. 12. apríl 1917, og Sigríður Pálsdóttir, f. 5. nóv. 1856, d. 14. okt. 1932. Systir Sveinbjargar var Sigríður Broberg Sophusdóttir Blöndal, húsm. í Gautaborg, f. 22. des. 1917, d. 24. jan. 1998.

Sveinbjörg giftist 1. júlí 1941 Birgi Kjaran, hagfræðingi, f. 13. júní 1916 í Reykjavík, d. 12. ág.



1976. Foreldrar hans voru Magnús Kjaran, stórkaupmaður, f. 19. apríl 1890, d. 17. apríl 1962, og Soffía Kjaran Franzdóttir Siemsen, f. 23. des. 1891, d. 28. des. 1968. Sveinbjörg og Birgir eignuðust fjórar dætur og komust þrjár upp, Ólöf, Soffía og Helga. 1) Ólöf Kjaran, myndlistarkona og kennari í Reykjavík, f. 30. mars 1942. Maður hennar er Hilmar Knudsen, verkfræðingur, f. 5. okt. 1941. Börn Ólafar og Hilmarar eru Helga Sveinbjörg og Unnur, a) Helga Sveinbjörg, líffræðingur, f. 20. júní 1963. Maður hennar er Ólafur Gunnarsson, viðskiptafræðingur, f. 14. apríl 1959. Börn Helgu Sveinbjargar og Ólafar eru Hilmar Birgir, f. 18. júlí 1989, Gunnar Birnir, f. 28. feb. 1994, og Óttar Þór, f. 22. okt. 2000. b) Unnur, textillhönnuð, f. 5. ág. 1966. Barn hennar með Ragnari Agnarssyni, kvikmyndatökumanni, f. 21. jan. 1969, er Hildur, f. 19. júlí 1989. Maður hennar er Arnaldur Halldórsson, ljósmyndari, f. 13. júlí 1971. Börn þeirra eru Dóri, f. 2. júní 1996, d. 2. júní 1996, Orri, f. 18. júní 1997, og

„Ég má þakka fyrir hvað ég held heilsunni,“ varð tengdamóður minni að orði fyrir fáeinum vikum þegar talið barst að vanheilsu vinkonu hennar. Sjálf var hún búin að verða fyrir barðinu á alls kyns alvarlegum krankleikum, svo sem hjartaáföllum, beinþynningu og tíðum beinbrotum. Samt var hún þakklát fyrir heilsuna! Þetta viðhorf segir sína sögu um Sveinbjörgu Helgu Kjaran.

Hún fæddist á Siglufirði 8. desember 1919, yngri dóttir hjónanna Ólafar Hafliðadóttur og Sophusar Auðuns Blöndal. Þau Ólöf og Sophus áttu sannkallað menningarheimili, bækur, tónlist og myndlist voru í hávegum höfð. Á heimilinu var mikill gestagangur, þar voru haldnar kóræfingar, tekið í spil og skeggrætt um alla heima og geima og þar var lítil stúlka sem drakk í sig lítna, talið og tóna. Til er skemmtilegt málverk eftir Gunnlaug Blöndal, föðurbróður Sveinbjargar, af þremur körlum við spilaborð. Á milli tveggja þeirra mótast fyrir lítilli stúlku, opineygrri með ljóst hár á bláum kjól. Þetta var Sveinbjörg. Mannlífið á Siglufirði var fjölbreytt á síldarárnum, uppvaxtarárum Sveinbjargar, og hún kunnir ógrynni af sögum frá þessum tíma, um skemmtileg atvik, sérstætt fólk, mikil og lítil örlög.

Árið 1936 lést Sophus eftir erfið veikindi. Til að sjá heimilinu farborða eftir lát eiginmannsins tók Ólöf Blöndal að sér kostgangara á sumrin; á veturna sinnti hún kennslu í hannyrðum. Þrátt fyrir þetta þunga áfall tókst báðum dætrum þeirra hjóna, Sigríði og Sveinbjörgu, að ljúka prófi frá Verzlunarskólanum með háum einkunum. Sigríður giftist kornung sænskum síldarakaupmanni, fluttist með honum til Svíþjóðar og bjó þar alla tíð síðan.

Sveinbjörg lauk verslunarprófinu 1938 og vann um tíma í Útvegsbankanum á Siglufirði. Pang-

ad átti erindi ungur skrifstofustjóri hjá Skeljungi, Birgir Kjaran, sem nýlega hafði lokið hagfræðiprófi frá Kielarháskóla í Þýskalandi. Ekki er að orðlengja það að þau felldu saman hugi og giftust 1. júlí 1941.

Sveinbjörg og Birgir stofnuðu heimili á Laufásvegi 60 í Reykjavík og þar fæddust þeim fjórar dætur. Þau urðu fyrir þeirri þungu sorg að næstelsta dóttirin, Soffía, lést úr lungnabólgu vorið 1944, sjö mánaða gömul. 1947 fluttist fjölskyldan á efstu hæðina á Ásvallagötu 4. Með tíð og tíma eignuðust þau allt húsið og smíðuðu ris ofan á það. Birgir dó árið 1976, aðeins sextugur að aldri. Eftir lát Birgis var Sveinbjörgu mikil huggun í samneytinu við dætur sínar sem allar bjuggu í næsta nágrenni, Helga og fjölskylda hennar í sama húsi. Vart leið sá dagur að hún hitti ekki dætur sínar eða barnabörn. Á Ásvallagötu átti Sveinbjörg heima til október 2002 að hún fluttist á hjúkrunarheimilið Skógarþæ þar sem hún bjó til dauðadags.

Ég minnst þess þegar ég kom ungur maður í fyrsta skipti á heimili þeirra Sveinbjargar og Birgis, nýfarinn að draga mig eftir Soffíu dóttur þeirra. Stigagangurinn upp að íbúðinni var þakinn innrömmuðum Reykjavíkurmýndum eftir Halldór Pétursson og þar sem myndir huldu ekki veggina stóðu skápar með sýnishornum úr steinaríki Íslands og fleiri landa. Þegar inn í íbúðina kom var það sama uppi á teningnum, varla sást í auðan vegg fyrir bókaskápum og málverkum af ýmsu tagi. Þau hjónin voru sameinuð í áhuga sínum á bókmenntum og myndlist. Og fljótleiga komst ég að því að húsfreyjan var söngelsk í meira lagi. Hún gat spilað bæði á gítar og mandólín og söng alla mögulega og ómögulega texta: íslensk sönglög, Fúsa, Evert Taube, danskar þjóðvisur, brúðkaupsbrag úr Fljót-

Daði, f. 3. okt. 2001. 2) Soffía Kjaran, f. 8. okt. 1943, d. 18. maí 1944. 3) Soffía Kjaran, skrifstofustjóri, f. 23. júní 1945. Maður hennar er Pálmi Hannes Jóhannesson, skrifstofustjóri, f. 7. feb. 1952. Börn Soffíu og Pálma eru Heiða Björg og Jóhannes Birgir. a) Heiða Björg, laganemi við HÍ, f. 2. apríl 1979. b) Jóhannes Birgir, tónlistarmaður, f. 3. des. 1981. 4) Helga Kjaran, kennari, f. 20. maí 1947. Fyrri maður hennar var Ármann Sveinsson, stud. jur., f. 14. apríl 1946, d. 10. nóv. 1968. Barn Helgu og Ármanns er Birgir. Seinni maður Helgu er Ólafur Sigurðsson, verkfræðingur, f. 18. júní 1946. Börn Helgu og Ólafar eru Björg og Ólöf. a) Birgir, lögfræðingur og alþingismaður, f. 12. júní 1968. Kona hans er Ragnhildur Hjördís Einarsdóttir Lövdahl, sendiráðsstarfsmaður, f. 1. maí 1971. Barn Birgis og Ragnhildar er Erna, f. 29. mars 2003. b) Björg, líffræðingur og læknanemi, f. 18. okt. 1976. c) Ólöf, líffræðingur, f. 29. okt. 1980. Sambylismaður hennar er Helgi Snær Sigurðsson, myndlistamaður, f. 3. okt. 1974. Sonur Helga Snæs er Máni, f. 22. ágúst 1997.

Sveinbjörg lauk námi frá Verslunarskóla Íslands 1938. Fyrst starfaði hún hjá Útvegsbanka Íslands á Siglufirði og síðar í Reykjavík þar til hún giftist. Frá 1977 starfaði hún á Fræðsluskrifstofu Reykjavíkur.

Útför Sveinbjargar verður gerð frá Dómkirkjunni í dag og hefst athöfnin klukkan 13.30.

unum ... hún lærði ljóð og lag fyrirhafnarlaust.

Sveinbjörg var heilsteypt kona, sátt við sjálfa sig og aðra, átti hvorki til öfund né nagg, ég heyrði hana aldrei leggja illt til nokkurs manns. Ekkert var fjær henni en pukur, undirmál og óhræinlyndi, hún var mannasættir og fólk leið vel í návist hennar. Sveinbjörg hafði lifandi áhuga á stjórnmálum og fylgdist vel með öllum hræringum innan lands og utan fram á síðasta dag. Hún studdi Sjálfstæðisflokkinn alla tíð.

Samband hennar við dæturnar þrjár var afar sterkt og kærleiksríkt á báða bóga. Meðan kraftar leyfðu hafði Sveinbjörg opið hús á Ásvallagötu um kaffileytið á sunnudögum. Þangað komu dæturnar með fjölskyldur eftir því sem við var komið. Þar var oft talið hátt og margir í einu, samræðurnar líktust meir einhvers konar hljómkvíðu frekar en skipulögðum skoðanaskiptum en það var þessi hljómur kærleika og ánægju af samneyti við ástvinu sem jafnvel yngstu börnin skynjuðu og þau hlökkudu til þessara stunda. Kannski er líka kærleikurinn og umhyggjan sá þáttur í edli Sveinbjargar sem hæst ber. Það var ekki eigingjarn, hávær eða kröfuharður kærleikur heldur mildur en bjargfastur.


Við aðstandendur Sveinbjargar tregum hana og mest þó dætur hennar sem misst hafa móður sína og bestu vinkonu. Guð blessi minningu Sveinbjargar Helgu Kjaran.

Pálmi Jóhannesson.

● Fleiri minningargreinar um Sveinbjörgu Helgu Kjaran búa birtar og munu birtast í blaðinu næstu daga. Höfundar eru: Ólafur Sigurðsson, Birgir Ármannsson, Heiða Björg, Björg og Ólöf, Soffía, Sigurður, Magnús Kjaran, Birgir Björn, Jóhann og Árni, Ragnhildur H. Lövdahl, Agústa, Sigrún Löve, Árni Helgason.

KARL
GUÐLAUGSSON

† Hannes Karl Guðlaugsson búfræðingur fæddist að Fróðhúsum í Borgarfirði 2. júní 1923. Hann lést 29. júní síðastliðinn. Foreldrar hans voru Guðlaugur Unnar Guðmundsson frá Ytri Knarrartungu í Breiðuvíkureppi, f. 24. febrúar 1902, d. 1989 og Valgerður Hannesdóttir frá Tandraseli í Borgarhreppi, f. 25. apríl 1900, d. 1985. Systkini Karls eru: Dóra Unnur, f. 1925, Ásdís, f. 1928, d. 1993, Valdimar, f. 1930, Guðmundur, f. 1933, d. 2001, Júlíus Ingi, f. 1935, Ásta Sigríður, f. 1939, Hreinn, f. 1941 og Gunnar, f. 1943, d. 1995. Hinn 16. júní 1956 kvæntist Karl eftirlifandi eiginkonu sinni Sigríði Ásgeirsdóttur, f. 18. janúar 1929. Foreldrar hennar voru Ásgeir Jónsson frá Hjarðarholti í Borgarhreppi f. 1885, d. 1963 og Marta Elín Dýrfinna Oddsdóttir frá Eskiholti í Borgarhreppi, f. 1894, d. 1980. Börn Karls og Sigríðar eru: 1) Valgerður, f. 14. mars 1955, maki Hermann Guðmundsson f. 3. ágúst



1956. 2) Ásgeir, f. 25. nóvember 1956, maki Kristín Guðmannsdóttir, f. 25. september 1958, 3) Ásgerður, f. 20. janúar 1958, maki Ragnar Gunnarsson, f. 3. febrúar 1956, 4) Marta, f. 4. janúar 1963. Auk þess ólu Karl og Sigríður upp dótturdóttur sína Sigríði Einarsdóttur Watson, f. 20. ágúst 1972, maki

Daniel E. Watson, f. 4. nóvember 1950. Dóttir Sigríðar er Elín Þóra Geirsdóttir, f. 27. maí 1943 maki Valur Jónsson, f. 1943. Barnabörn Karls eru átta talsins og langafabörn fjögur.

Karl útskrifaðist sem búfræðingur frá Bændaskólanum á Hvanneyri árið 1948. Þau hjón bjuggu á Akranesi til 1960 er þau fluttust til Reykjavíkur þar sem þau bjuggu síðan. Karl vann ýmis störf í Reykjavík, síðustu ár starfsævinna starfaði hann sem neturvörður hjá Heklu hf.

Útför Karls fer fram frá Bústaðakirkju í dag og hefst athöfnin klukkan 13.30.

Þegar ég kynntist Karli fyrir tæpum þrjátíu árum bjó fjölskyldan í Heiðarhvammi sem var í hlíðinni í sunnanverðum Elliðaárdalnum. Húsið var byggt um miðbik síðustu aldar samkvæmt lögmálum húsanna við Vatnsveituvegin. Ekki að ófyrirsýnju bar það nafn sem ljómar af sveitastælu; til hlíðar við höfuðstaðinn naut það kosta þéttbýlis og strjálbýlis, án þess að búa við ókostina. Átti vel við Karl að búa á þessum stað, þar sem kyrrðin var helst rofin af straumhljóðum og fuglasög og umhverfið skóp seimagn ekki ósvipað og í sveitinni forðum.

Árin í Heiðarhvammi voru fjölskyldunni góð. Börnin uxu úr grasi við eftirsóknarverðar aðstæður og búmannshendur Karls fengu verðug viðfangsefni. Fallegi garðurinn við húsið bar skapara sínum vitni. Fyrir rúmlega tveimur áratugum höfðu börnin hleypt heimdraganum og þau Sigríður fluttu í hentugra húsnæði. Vinalega húsið hafði gegnt hlutverki sínu og var rífið. Ómar nú umferðargrynnir frá Höfðabakkanum þar sem áður var sælureitur fjölskyldunnar í Heiðarhvammi.

Karl hélt mikið upp Borgarfjörðinni. Þar voru áttahagarnir; þar sinnti hann ungur víða bústörfum og vinnu-mennsku og þar kynntist hann ástvinu sinni. Eftir flutning suður sótti Karl í sveitina sína þegar færi gafst. Ósjaldan var farið að Hreðavatni, þar sem var tjaldað og rennt fyrir fisk. Hvergi undi hann sér betur og honum var mikilvægt að kenna börnunum að meta þessa óviðjafnanlegu sveit.

Karl átti góða vini frá fornu fari, ekki síst frá námsárunum á Hvanneyri. Þó samgangur væri ekki mikill er frá leið, var vináttan traust, eins og oft er þegar vináttubönd eru hnýtt í æsku. Hann var lítt ágengur við ókunnguga, en mat mikið að eiga stundir með sínum nánustu. Átti við hann að rökræða dægurmál og iðulega hafði hann sterkar skoðanir og honum leiddist tæpitunga. Ógjarna lét hann hlut sinn væri annars kostur.

Erfidrykkjur
Í PERLUNNI

Á fallegum og notalegum stað á 5. hæð Perlunnar.

Aðeins 1.250 kr. á mann.

PERLAN

Upplýsingar og pantanir í síma 562 0200

Ef sló í brýnu, var það oftast eftirmálalaust af hans hálfu. Hann hafði ágæta kinnigáfu og gat verið orðheppinn. Gerði hann sér oft leik að því að finna mönnum nöfn sem honum þótti lýsa persónueinkennum eða háttalagi. Suma samferðamenn þekktu hans nánustu tæpast eða ekki undir öðrum nöfnum en þeim sem Karl valdi þeim. Þetta var jafnan vel heppnað og græskulaust gaman.

Karl var við góða heilsu fram á efrí ár. Með óserhlífni og ráðeildarsemi tókst þeim hjónum að njóta fjárhagslegs sjálfstæðis. Þegar um fór að hægjast gátu þau látið eftir sér að ferðast nokkuð til annarra landa og höfðu af því yndi.

Karl taldi sig ríkan mann; ekki af forgengilegum hlutum, heldur af fjölskyldu sinni og hann var stoltur af sínum. Hann var umhyggjusamur faðir og afi og natinn og góður við smáfólkið og áhugasamur og hjálplegur vegna skólagöngu barnabarnanna og gladdist við sérhvern sigur þeirra, stóran sem smáan.

Þegar Karl andaðist var hann farinn að heilsu og þá er dauðinn líkn. Ég vil trúna því að hann hafi verið ferðubúinn þegar kallið kom, á fögrum degi er birtu nýtur hvað lengst. Var við hæfi að hann skyldi kveðja á slíkum degi, því hjart er yfir minningu þessa sómamáns. Að leiðarlokom minnst ég elskulegs tengaföður og vinar með virðingu og hlýju og þakklæti fyrir það sem hann var mér.

Fyrir hönd ástvina Karls Guðlaugssonar þakka ég starfsfólkinu á hjúkrunarheimilinu að Vífilsstöðum fyrir þá umhyggju og alúð sem hann naut þar síðustu mánuðina sem hann lifði.

Hermann Guðmundsson.

● Fleiri minningargreinar um Karl Guðlaugsson búa birtar og munu birtast í blaðinu næstu daga. Höfundar eru: Hulda.

Minningarkort
Krabbameinsfélagsins

540 1990

Krabbameinsfélagið
krabb.is/minning

SÓLSTEINAR erum fluttir á KÁRSNESBRAUT 98

Kársnesbraut 98 • Kópavogi • 564 4566 • www.solsteinar.is

MINNINGAR

SVEINBJÖRG HELGA KJARAN

† Sveinbjörg Helga Kjaran Sophusdóttir Blöndal fæddist á Siglufirði 8. des. 1919. Hún lést á hjúkrunarheimilinu Skógarbæ í Reykjavík hinn 7. júlí síðastliðinn og var útför hennar gerð frá Dómkirkjunni 20. júlí.



litla sem ég kann á gítar lærði ég af tengdamóður minni. Hún hafði sem ung stúlka sungið „den anden stemme“ með systur sinni áður en hún flutti til Svíþjóðar og þær voru ógleymanlegar kvöldstundirnar þegar Sigga kom í heimsókn til Íslands og Bauka tók í gítarinn. Hún greip reyndar í gítar nánast fram í andlátid – en sló ekki endilega á strengina allra síðustu

Í þrjátíu ár bjuggum við undir sama þaki, Bauka tengdamóðir mín og við Helga dóttir hennar. Hún bjó á efri hæðinni og við á þeirri neðri að Ásvallagötu 4.

Tilhugalf okkar Helgu var snaggaralegt og ég flutti snemma inn á ættaróðalið, þar sem Bauka og Birgir bjuggu fyrir en börn og tengdabörn höfðu búid á hinum ýmsu hæðum hússins. Við giftum okkur í desember og jólin skammt undan. Það var þá sem mín fyrstu eftirminnilegu kynni af Bauku hófust. Það var til síðs að bjóða öllu líðinu til veislu á aðfangadag, já þvflík rjúpnaveisla. Ég hafði að vísu lítills háttar bragðað á rjúpu á heimili foreldara minna en það var ekkert í líkingu við það sem ég átti eftir að kynna hjá henni Bauku. Á aðfangadag byrjaði máltíðin með hrisgrjónagrat með mendlu, síðan komu gömsætar tartalettur með sjávarréttafyllingu og að lokum spekkadur rjúpur með rjómasós. Aldrei hafði ég borðað annað eins í einni máltíð – „Hvað borðaðir þú margar bringur?“ – tengdasynirnir báru gjarnan saman bækur sínar að kvöldverði loknum og ótrúlegustu tölur voru nefndar. Og svo fengum við rjúpnasúpu nokkrum dögum seinna – maður var saddur dögum saman.


Bauka kom sem betur fer öllum munnlegu uppskriftunum að jólamatnum til skila til Helgu og síðustu árin á Ásvallagötunni borðaði hún ævinlega hjá okkur rjúpur og vonandi á ég eftir að njóta uppskriftanna um ókomin ár. Þá nutum við auðvitað hjálpsami hennar við uppeldi barnanna okkar.

Bauka var gangandi söngbók, hún kunni alla texta hvort sem voru íslensk ættjarðarljóð eða sænskar vísur og hún kunni líka að spila þetta allt á gítar eða mandólín. Það

árin – meira eins og „luftgítar“, en hún söng og heillaði yngri kynslóðina með smellnum textum sem hún einhvern tíma hafði lært og kunni svo vel: Vísurnar um Adam í Paradís, sem velti sér á hnjúnum, og vísurnar um hana Siggu á Barði sem var að búa sig til brúðkaups vöktu ómælda gleði og hlátur.

Bauka vildi alltaf vita hvar allir voru niðurkomnir, alltaf. Hún var ekki í rónni fyrr en allir voru komnir heilir heim. Þetta kostaði mörg símtöl, já síminn var henni dýrmætur, „En herlig telefon“, eins og segir í einu kvæðanna sem hún söng stundum. Til þess þurfti hún að muna símanúmer allra og núna síðustu árin líka öll GSM-númerin og NMT-númerin. Það klikkaði aldrei að hún hafði upp á okkur hvort sem vorum uppi á jökli eða úti í löndum. Þetta voru ekki alltaf löng símtöl, síðustu árin var þetta eins og til þess að tryggja að minnið væri nú í lagi. Í miðjum fréttatíma hringir síminn: „Er ekki hann Jón sonur hans Páls læknis?“ gat spurningin hljóðað þegar síminn var tekinn upp – „Já, mamma mín,“ heyrði ég Helgu segja – og lengra varð þetta símtal ekki. En þau gátu orðið ansi mörg slík á einu kvöldi, sérstaklega eftir að hún flutti á Skógarbæ fyrir um tveimur árum. En síminn var hennar ær og kýr – hvíllik guðs mildi að hún ruglaðist aldrei í öllum þessum tökkum sem fjölgaði og fjölgaði með nýrri og fullkomnari sínum.

Þá var Bauka ættfróð með eindæmum. Þau Birgir áttu marga ættfræðibókina og þar kviknaði áhugi minn á þessum fræðum. Þá fylgdist hún náð með pólitíkinni enda nokkrir í fjölskyldunni á kafi í pólitík. Svo var hún óvenju fróð um sögu lands og þjóðar. Við hjónin vorum stódd á tjaldstæði við Setberg í Grundarfirði þremur dögum áður en hún lést og þá hringdi síminn: „Á Setbergi? – þar var hann Magnús, mágur hennar Lólóar, prestur“ – ættfræðin og landafræðin voru alveg á hreinu fram á síðasta dag.



Erfisdrykkjur

Upplýsingar í sínum

444 4055 og 444 4050

Heimasíða: www.veitingasalir.is

HÓTEL LOFTLEIÐIR

Þegar Bauka flutti á Skógarbæ fluttum við Helga í Frostaskjólíð. Bauka átti þar sitt athvarf, sínar myndir, málverk og bækur hjá okkur – því miður naut hún þess ekki nógu oft að gista hjá okkur í herberginu sínu – en það gerði hún um síðustu júl í nokkra daga en því miður var nú engar rjúpur að hafa vegna veiðibanns.

Öll barnabörnin nema eitt voru búin að heimsækja hana síðasta sólarhringinn sem hún lifði. Eitt þeirra sem dvalist hafði erlendis í nokkra daga var væntanlegt á hverri stundu; nokkrum mínútum eftir heimkomuna var eins og hún vissi að nú væri mál að kveðja – nú vissi hún hvar allir voru – allir voru komnir heim.

Ólafur Sigurðsson.

Enginn, fyrir utan móður mína, hafði meiri áhrif á mig í uppveitinum en Sveinbjörg amma mín. Ég ólst upp í stórfjölskyldu, þar sem ýmist þrjár eða fjórar kynslóðir bjuggu undir sama þaki og var stundum álitamál hvort um eitt eða fleiri heimili var að ræða, þótt íbúðirnar væru aðskildar. Amma var að sjálfsgöðu miðpunktur fjölskyldunnar, sú sem tengdi alla saman. Hún var mér einstaklega nákominn fyrstu æviárin og tók daglegan þátt í uppeldi mínu, ekki síst vegna þess að móðir mín varð ekkja aðeins 21 árs gömul og giftist ekki aftur fyrir en nokkrum árum síðar.

Ég bjó í sama húsi og amma allt fram á háskólaárin og síðan aftur um nokkurra ára skeið eftir að ég flutti að nýju í risið í fjölskylduhúsinu. Allan þann tíma var að sjálfsgöðu um daglegan samgang að ræða og jafnvel þegar ég bjó annars staðar heimsótti ég hana oft eða heyrði að minnsta kosti í henni í síma. Hún fylgdist vel með sínu fólki og notaði símann óspart til að fá fréttir af börnunum, barnabörnunum og barnabarnabörnunum, helst oft á dag.

Amma hafði mikið yndi af listum og menningu. Hún var alin upp á heimili þar sem ljóðlist en þó einkum sönglist var í hávegum höfð og deildi síðar með afa mínum miklum áhuga á bókmenntum, myndlist og íslenskrá náttúru. Hún var afburðanemandi í skóla og eftir að formlegri skólagöngu lauk hélt hún áfram að mennta sig upp á eigin spýtur, einkum með miklum bóklestri. Hún flíkaði þó ekki þekkingu sinni heldur birtist hún með þeirri högværð, sem henni var eiginleg.

Amma hafði alla tíð mikinn áhuga á stjórnmálum. Hún hafði ákveðnar skoðanir á mönnum og málefnum en tjáði þær jafnan af höfstillingu. Hún var eindreginn stuðningsmaður Sjálfstæðisflokksins en bjó yfir umburðarlyndi og viðsýni til að kunna að meta það sem jákvætt var hjá stjórnmálamönnum úr öðrum flokkum. Það var ekki hennar háttur að fella harða dóma eða hafa uppi stóryrði en ef henni mislíkaði sérstaklega við orð eða gjörðir einhverra tók hún yfirleitt ekki dýpra í árinni en að segja: „Mér finnst hann frekar leiðinlegur þessi.“ Hún var afar næm á fólk og því sögðu ummæli af þessu tagi allt sem segja þurfti um viðkomandi.

Fyrir ungan mann, sem snemma fékk áhuga á stjórnmálum, var ómetanlegt að geta leitað í smíðju til ömmu sinnar til að fræðast um atburði og einstaklinga í stjórnmálaátökum fyrri tíðar. Mörgum þeirra hafði hún kynnst vel af eigin raun, ekki síst í gegnum stjórnmálaþátttöku afa. Hún var hins vegar ekki bara vel að sér um fortíðina heldur fylgdist vel með innlendum og erlendum viðburðum allt til síðasta dags. Það brást ekki að um leið og greint hafði verið í fréttum frá einhverjum sviptingum á stjórnmálavísu hringdi hún til að spyrja nánar út í atburðarásina eða til að láta álit sitt í ljós.

Ég lærði margt af ömmu minni en auðvitað var hún mér fyrst og fremst blíð og góð amma. Hún hvatti mig til að gera mitt besta, gladdist með mér þegar við gekk og studdi þegar á bjátaði. Hún var líka vinur, sem alltaf var hægt að leita til

og alltaf var gaman að umgangast. Hennar mun ég sárt sakna.

Birgir Ármannsson.

Það er sárt að hugsa til þess að elsku amma Bauka sé farin. Amma, sem svo lengi hefur verið svo stór hluti af lífi manns, fastur punktur í tilverunni. Upp í hugann koma óteljandi minningar sem eru dýrmætari en ég hafði nokkrum tíma gert mér grein fyrir.

Ásvallagatan var eins og annað heimili og dyrnar stóðu alltaf opnar, bæði á táknrænan hátt og í bókstaflegri merkingu. Ég minnst þess aldrei að hafa verið hrædd um að læsa mig úti, það var alltaf hægt að hlaupta til ömmu sem tók manni opnum örmum. Hún passaði til dæmis okkur bróður minn þá morgna sem mamma var að kenna. Við hlökkum alltaf til þessara morgna. Hún gætti þess að maður færi ekki svangur í skólann og enginn sauð betri egg en amma, hjá henni voru þau alltaf brosandir. Dýrgripirnir í fínu stofunni heilluðu okkur barnabörnin, og síðar barnabarnabörnin, enda af nógu að taka. Og aldrei var okkur bannað að leika með neitt, hvort sem um var að ræða dýrindis postulínsstytur, silfuróskjur eða útskrana filstönn.

Síðustu árin var hugur ömmu farinn að leita meira til baka og ég naut þess að hlusta á hana segja frá, til dæmis frá því þegar hún og afi settu upp hringana uppi á lofti á Hólatorgi á gamlárskvöld og frá brúðkaupinu á Siglufirði, þar sem óvænt var slegið upp veislu og sungið og dansað fram á nótt. Þegar amma var veik og of þreytt til að tala var líka bara gott að sitja hjá henni og halda í höndina á henni, það þurfti engin orð.

Samskipti ömmu við fjölskylduna lýsa henni betur en nokkuð annað. Meiri fjölskyldumanneskja fyrirfannst ekki, amma vildi alltaf að dætur hennar og aðrir í fjölskyldunni hefðu það sem allra best og skorti ekkert. Þegar ég hugsa um hið vikulega kaffi hjá ömmu á sunnudögum koma samstundis upp í hugann setningar eins og „Það vantar stól handa Óla,“, „Vill Pálmi meira kaffi?“ eða „Hilmar sagðist ætla að koma, ætli það hafi nokkuð komið fyrir hann?“ Par sem amma gat ekki verið á fleiri en einum stað í einu notaði hún símann óspart til þess að fylgjast með hvar allir voru og hvort það væri ekki örugglega allt í lagi með alla. Það tók yfirleitt ekki langan tíma að komast að því hvar aðrir í fjölskyldunni voru, það var einfaldlega hringt í ömmu Bauku. Ég held ég tali fyrir munn allra í fjölskyldunni þegar ég segi að við munum minnast hennar í hvert skipti sem síminn hringir.

Betri, fallettri og klárari manneskja en amma Bauka er ekki til. Amma, sem vildi alltaf vera vel til höfð. Amma, sem alltaf var hægt að treysta á. Enginn var betur að sér í þjóð- og heimsmálum, hún þekkti alla íþróttamenn, innlenda sem erlenda, kunni öll kvæði og vísur og síðast en ekki síst hafði hún hlýjan faðm sem var alltaf opin. Það var stórt skarð höggvið í fjölskylduna þegar amma Bauka féll frá en þegar ég horfi á mömmu og frænkurnar mínar tvær, Ólöfu og Helgu, sé ég að amma hefur reist sér minnisvarða í þeim og afkomendum þeirra, því hún lifir áfram í okkur. Ég vona að amma hafi vitað hversu mikils virði hún var og er okkur öllum og hversu sárt hennar er saknað.

Hvíldu í friði, elsku amma.

Heiða Björg.

Við systur vorum svo heppnar að alast upp í sama húsi og amma Bauka. Það var alltaf gaman í heimsókn hjá henni. Íbúðin full af spennandi hlutum sem þau afi höfðu safnað í gegnum árin. Best var að við barnabörnin máttum leika okkur með alla munina þegar við vildum. Meira að segja „fina stofan“ var okkar leikvöllur. Hún var hlaðin glæsilegum húsgögnum, málverkum, fjölskyldumyndum, stytum og öðrum smáhlutum. Rókokó-stólarnir voru trampólín, rennibraut eða

eitthvað enn æsilegra, til dæmis trjáhyssi. Persneska teppið var upplögð þrautabraut þar sem hoppa varð á milli blóma og ekki mátti snerta „hvítt“. Mest spennandi var þó „klósettstóllinn“. Önnur herbergi voru ekki síður spennandi. Inni í borðstofu leyndist Aladinlampi, nauðsynlegur í ævintýraleik, beygladur trompet og ógrynnin öll af bollastelli og glösnum. Inni á kontor var stærðarinnar veggfastur bókaskápur sem var hin besta klifurgrind, í fataherberginu rokkur sem oftan en ekki var í hlutverki stýris á sjóræningjaskipi. Meðan á leik stóð sat amma sallaróleg inni á kontor í stólum sínum, leysandi krossgátur, með kaffibolla og suðusúkkulaði sér við hlíð. Slíkt var jafnaðargeðið. Hún amma var fyrst og fremst alsæl að barnabörnin voru í heimsókn því fjölskyldan var henni allt. Þegar við urðum eldri breyttust heimsóknirnar. Við færðum okkur inn á kontor, sötruðum kók, borðuðum Prince Lu kex og spjölluum við ömmu, oftan en ekki í félagskap annarra ættingja.

Við minnumst ömmu okkar sem einstaklega hlýrrar og góðrar konu. Hún var fróð um líða hluti og fylgdist með öllu því sem var að gerast þá stundina. Til dæmis þekkti hún alla helstu íþróttamenn og gat eflaust rakið ættir þeirra íslensku. Amma var alltaf hlý og góð og sérstaklega gjafmild og heiðarleg kona. Við söknum hennar sárt en gleðjumst yfir því að núna er hún með afa, Siggu frænku, Soffiu litlu og öðrum sem hún saknaði. Vafalaust situr hún með gítarinn, syngur lög og kvæði sem enginn annar kann milli þess sem hún hefur auga með okkur sem eftir sitjum.

Björg og Ólöf.

Mig langar í óruttu máli að minnst Sveinbjörg Kjaran, eða ömmu Bauku eins og fjölskyldan var von að kalla hana. Ég kynntist henni fyrir tæplega fjórum árum þegar ég varð hluti af fjölskyldunni á Ásvallagötu 4 og raunar var hún sú fyrsta sem ég hitti af ættingjum mannsins míns. Við bjuggum saman í fjölskylduhúsinu þangað til í nóvember 2002 þegar hún flutti í Skógarbæ.

Ég tengdist ömmu Bauku mjög fljótt þar sem við hittumst nánast daglega og stundum oft á dag. Fljótleiga varð hún eins og amma mín og fannst mér það yndislegt þar sem ég átti hvorki ömmur né afa á lífi.

Mér eru sérstaklega minnisstæðar margar notalegar stundir sem við áttum saman síðla hausti 2002, en þá fór ég oft niður til hennar og fékk kók og súkkulaði og við horfðum á sjónvarpið saman. Þá var ég ólétt að fyrsta barni okkar Birgis og var hún mjög spennet og fylgdist með meðgöngunni frá degi til dags.

Amma Bauka hafði einstaklega góða nærveru og var greind og vönduð kona. Hún hafði mikinn lífsvilja og sýndi það sig best í veikindum hennar síðustu árin. Svo mikill var viljastyrkur hennar að jafnvel þegar búist var við að hún næði sér ekki var eins og hún myndi alltaf nýja kraft og eitthvað nýtt til að hlakka til. Hún hafði alltaf fylgst einstaklega vel með atburðum líðandi stundar, jafnt innanlands sem utan, og varðveitti hún þann áhuga allt fram á síðasta dag. Það var henni samt mikilvægast að fylgjast með afkomendum sínum takast á við hin ýmsu viðfangsefni lífsins og styðja þá og aðstoða eftir því sem henni var unnt.

Ég var lánsöm að kynna ömmu Bauku.

Ragnhildur H. Lövdahl.

Við lát vinkonu minnar þyrlast upp minningarnar. Bauka eins og hún var kölluð meðal vina kom 15 ára frá Siglufirði í heimsókn til ömmu sinnar Sigríðar og dætra hennar Kristjönu og Sigríðar en þær bjuggu í Skólastræti 3. Í Skólastrætinu vorum við oft fjórar hressar stelpur og vorum við beðnar að kynna ungu stúlkunni frá Siglufirði borgarlífð og var þá haldið á rúnt-

LEGSTEINAR
sendum myndalista

Guðmundur Jóhannsson
f. 10. 6. 1932
d. 8. 3. 1989

Minning þín lifir
Hvíl í friði

MOSAÍK
Hamarshöfði 4 - sími: 587 1960
www.mosaik.is

ÚTFARARSTOFA ÍSLANDS

Sveirrir Einarsson, útfararstjóri.
Sveirrir Olsen, útfararstjóri.
Bryndís Valbjarnardóttir, útfararstjóri.
Baldur Frederiksen, útfararstjóri.
Guðmundur Þór Gíslason, útfararstjóri.

Símar 581 3300 - 896 8242
Allan sólarhringinn - Aratuga reynsla
Suðurnilíð 35 - Fossvegur - www.utorfin.is

MINNINGAR

inn eða í bíó. Oft var hlegið að því hversu erfitt þetta var af því að hún var svo feimin eins og hún minnst var. Þetta var upphaf ævilangrar vináttu okkar allra. Systur hennar Sigríði þekktum við af því að hún var hjá ömmu sinni, er hún gekk í Verslunarskólann. Þær systur voru sérlega laglegar og mjög kært var þeirra á milli, þótt fjarlægðin skildi þær að er Sigga giftist til Svþjóðar.

Eftir Verslunarskólann fór Bauka heim til Siglufjarðar og starfaði þar við skrifstofustörf. Kynntist ég þá indælu æskuheimili hennar og var þar oft glatt á hjalla. Eftir lát föður hennar fluttust mæðgurnar til Reykjavíkur og kenndi móðir hennar Ólöf handavinnu árum saman í Húsmæðraskóla Reykjavíkur.

Það var skemmtileg tilviljun að Bauka giftist Birgi Kjaran, sem var skólabróðir og besti vinur mannsins míns. Áttum við því ótal ánægjustundir saman á meðan hann lifði.

Dæturnar Ólöf, Soffía og Helga urðu hennar gleðigjafir og vaxandi fjölskyldur þeirra og var gaman að fylgjast með þeirri ástúð sem hún var umvafin af þeim. Þegar Birgir dó fór hún að vinna á Fræðsluskrifstofu Reykjavíkur og kunni því vel, þar til henni fannst sinn tími kominn að hætta vegna aldurs.

Það má segja að Bauka gengi hljótt í gengum lífið. Aldrei heyrði ég hana segja neikvætt til neins en hafði bara gaman af æsingum annarra. Í góðra vina hópi var hún hrókur alls fagnaðar er hún tók gítarinn sinn og söng allar þær mörgu visur sem hún kunni jafnt íslenskar sem erlendar og fékk alla með sér.

Lengst af bjó hún á Ásvallagötu 4 og var það seinna meir fjölskylduhús þar sem dóttir hennar Helga bjó og svo Birgir sonur Helgu. Var það henni mikil huggun, þegar Elli kerling batt hana við stólinn sinn. Þá kynntist maður hinni sérstaka jafnaðargeði hennar. Þótt dásamaðar væru lystisemdir, sem borgin hefði að bjóða og sem ég vissi að hún hafði gaman að, var aldrei kvartað yfir að hún gæti ekki verið með. Hún las mikið og hafði gaman af ættfræði enda stálminnug og fann alltaf eitthvað til að gefa lífinu lit. Bauka reykti mikið en einn daginn undraðist ég að það var engin reykingalykt lengur. Þá þurfti hún að hætta að reykja eftir lækisráði og þótti henni það ekkert fréttæmt. Slíkur var viljastyrkur hennar.

Síðasta vegarspottann dvaldi hún á hjúkunarheimilinu Skógarbæ og þótti gott að vera þar í öruggu skjóli.

Pakklát fyrir allar góðu minningarnar óska ég henni fararheilla til æðri heima.

Dætrum og ættingjum sendi ég og fjölskylda mín samúðarkveðjur.

Ágústa.

Kurteisin kom að innan, sú kurteisin sanna, síðdekrí öllu æðri, af öðrum sem lærist.

(B. Th.)

Margs er að minnst og margt að þakka er við í dag kveðjum Sveinbjörgu Kjaran.

Sveinbjörg var sannkölluð hefðarkona. Hún var góðum gáfum gædd og hafði djúpa samhygd. Það hefur verið gæfa mín í lífinu að eiga Ólöfu dóttur hennar og fjölskyldu að vinum í nærri 60 ár.

Faðir minn var berklaveikur og oft á Vífilsstöðum. Eitt sinn var Sveinbjörg spurð að því hvernig hún þyrði að leyfa Ólöfu litlu dóttur sinni að leika sér við mig, en allir óttuðust berklana. Ég veit ekki hverju Sveinbjörg svaraði en hitt veit ég að ég var daglegur gestur á heimili Sveinbjargar og Birgís Kjaran öll mín uppvaxtarár og varð aldrei vör við annað en ég væri þar hjartanlega velkominn.

Vegna veikinda föður míns sótti móðir mín um kennarastarf en þá tíðkaðist ekki að giftar konur ynnu utan heimilis, auk þess var torsótt að fá kennarastöðu. Birgir sem vissi um aðstæður okkar, tók málið upp á sína arma og móður minni var veitt staða við Melaskólann þar sem hún

kenndi síðan í 30 ár. Má nærri geta hvaða þýðingu þetta hafði fyrir litlu fjölskylduna okkar.

Sveinbjörg var alltaf heima til að taka á móti börnunum úr skóla og munaði ekki um að bæta mér í hópinn. Ég sagði einhvern tímann við Ólöfu, að ég öfundaði hana af því að heima hjá henni væri alltaf „kakó og kveikt!“

Eitt sinn ákváðum við Ólöf, Soffía og Helga að fara á grímuball. Sveinbjörg útbjóg grímubúninga á okkur allar fjórar. „Af hverju ert þú að útbúa búning á Sigrúnu?“ spurði amman og hefur örugglega fundist dóttirin hafa nóg með sínar þrjár stelpur. „Mamma hennar er að vinna svo mikið,“ sagði Sveinbjörg, mig munar ekkert um þetta. Og allar komumst við á ballið.

Sveinbjörg var víðlesin og vel að sér. Hún var músikölsk, hafði lært á fiðlu, spilaði á mandólín og kunni ógrynnin öll af lögum og ljóðum sem hún söng fyrir okkur eða með okkur og lék þá undir á gítar, með norðlensku t-í!

Þegar Birgir féll frá fór Sveinbjörg út á vinnumarkaðinn og vann á Fræðsluskrifstofu Reykjavíkur þar til hún fór á eftirlaun.

Sveinbjörg var mikilhæf kona, heil og sterk. Hún var dætrum sínum góð móðir í þess orðs dýpstu merkingu enda var samband hennar við þær einlægt og hlýtt. Þegar elli og sjúkdómar sóttu að, hlúðu þær að henni af umhyggju og kærleika svo betur verður ekki gert.

Hamingja hennar og gleði voru dæturnar og fjölskyldur þeirra. Gæfa hennar var hið góða skap, hlýlund og æðruleysi.

Blessuð sé minning Sveinbjargar Kjaran.

Sigrún Löve.

Þegar ég nú sest niður til að minnst Sveinbjargar Helgu Kjaran, þessarar innilegu konu sem ég kynntist fyrir ótal mörgum árum, koma svo margar minningar í hugann, að ég get ekki gert þeim skil nema að litlum hluta. Hún var gift vini mínum Birgi Kjaran, en við höfðum bundist sérstökum vináttuböndum árið 1938 og þau svo sterk að ekki bilaði þar neinn hlekkur, meðan báðir lifðu, en Birgir sem var strax ungur í framvarðarsveit sjálfstæðismanna og landsins alls, vakti mikla athygli á þeim árum og ekki að óverðskulduðu. Hann varð mér kærari með hverju árinu sem leið eftir að ég fluttist á Snæfellsnes. Ég kom því oft á heimili þessara vina minna, fór eiginlega aldrei svo um Reykjavík að ég kæmi ekki þar við. Og sú hlýja og það andrúmsloft sem ég varð þar aðnjótandi hefir aldrei yfirgefið mig. Og þegar ég svo eignaðist mitt yndislega heimili komu þau hjónin alltaf við þegar þau áttu leið hér um.

Þau voru virkilega samhent hjón og áttu marga vini víða um land. Hann var svo mikill náttúruunnandi að þar var ekki um neina yfirborðsmennsku að ræða. Hann fór víða um land til að kynna bæði fólk og búendum, og bækur hans Fagra land og eins auðnustundir bera þess skýran vott. Hann hafði mikið dálæti á Breiðafirðinum og eyjunum þar, og þar kom að við keyptum saman Bíldsey, sem liggur skammt frá Stykkishólmi, og þess naut hann svo í ríkmum mæli og þau hjónin. Við bættum mjög bæði húsið sem þar var fyrir og gerðum allt þar vistlegra og tilkomumeira. Þetta allt tengdi fjölskyldur okkar enn meiri og sterkari vináttuböndum. En því miður fór hann alltof fljótt. En ég átti samt eftir tryggð og vináttu konu hans og barnanna.

Sveinbjörg var yndisleg kona og vakti yfir heimilinu og samband hennar við mig og fleiri vini hélst. Og ég hélt áfram heimsóknnum á Ásvallagötuna og vináttan var hin sama. Reisnin ásamt vinalægum blæ var hennar aðall fram til hins seinasta.

Ég og mitt fólk eigum svo margt að unna þessari ágætu konu, að það verður ekki tíundað í fáum minningarorðum. En geymist í þakklátum hugum mín og minna. Ég veit að nú hafa þau hjónin öðlast laun fyrir allt

sem þau unnu landi sínu og þjóð og það er ekki svo lítið. Um leið og ég þakka Sveinbjörgu allar unaðstundirnar sem við höfum svo ríkullega notið, bið ég henni blessunar drottins og þakka alla ástúð liðinna ára. Góður guð veri með henni og blessi.

Árni Helgason. Stykkishólmi.

Sveinbjörg, eða Bauka frænka eins og við kölluðum hana alla tíð, var gift Birgi Kjaran alþingismanni, móðurbróður okkar, sem lést langt um aldur fram, þá aðeins um sextugt. Við kynntumst þeim báðum mjög náið, ekki síst vegna þess að við áttum því láni að fagna að búa í sama húsi og þau að Ásvallagötu 4 á sjötta áratugnum. Þaðan eigum við ljúfar minningar frá fyrstu uppvaxtarárunum. Á efri hæðinni bjuggu Birgir, Bauka og dæturnar Ólöf, Soffía og Helga. Í reynd voru þau Bauka okkur sem aðrir foreldrar, svo kært var milli fjölskyldunnar. Á neðri hæð hússins bjuggum við systkinin (nema Árni sem var ófæddur) ásamt foreldrum okkar, þeim Sigríði Kjaran og Sigurjóni Sigurðssyni. Í kjallaranum bjuggu fullorðin heiðurshjón, þau Guðríður og Eiríkur, sérlega barngóð og órlát á kandís. Við kölluðum þau í daglegu tali Eiríng og Guðríng. Í næsta nágrenni var liflegt barnasamfélag. Hverfisbúðin Brekka hafði aðdráttarafl fyrir ungvíðið. Móðir Bauku var Ólöf Blöndal, skólastýra húsmæðraskólans. Hjá ömmu í Húsó voru öll börnin áfúsugestir. Á Hólatorgi 4 bjuggu svo afi og amma, Soffía og Magnús Kjaran, og þar var miðstöð stórfjölskyldunnar.

Bauka var fríð kona, skarpgreind og gædd góðum tónlistargáfum. Hún var oftast ekki upphafsmaður að söng í boðum og tók gjarnan að sér undirleik á gítar. Ekkert lag eða texti var henni framandi að okkur fannst, og voru þessir hæfileikar gefandi fyrir okkur börnin.

Alla tíð var sterk vinátt á milli foreldra okkar og nutum við fræðslu þeirra Bauku og Birgís á ferðalögum en Birgir var sem kunnugt er margfróður um náttúru og sögu landsins og annálaður útivistarmaður.

Fram til síðasta dags var Bauka frænka sjálfsgáður gestur á heimilum okkar systkinanna við hátíðleg tækifæri. Hún var framúrskarandi trygglynd og áhugi hennar á ungu sem öldnum innan fjölskyldunnar var einstakur. Þrátt fyrir veikindi síðustu ár bar aldrei skugga á andlegt atgeri hennar, hvorki skarpan skilning né traust minni.

Alúð er börnum mikilvæg á uppvaxtarárum og vegna þess og trygglyndis Bauku frænku minnumst við hennar með þakklæti. Við sendum frænkum okkar og fjölskyldum þeirra innilegar samúðarkveðjur.

Soffía, Sigurður, Magnús Kjaran, Birgir Björn, Jóhann og Árni.



SÓLSTEINAR

Kársnesbraut 98 • Kópavogi
564 4566 • www.solsteinar.is



Legasteinar

Englasteinar
Helluhrauni 10, 220 94ff.
Sími 565 2566
www.englasteinar.is



Elskuleg móðir mín, amma, langamma og langalangamma,

SIGURBJÖRG BJÖRNSDÓTTIR,
Engihjalla 1,
Kópavogi,

verður jarðsungen frá Barðskirkju, Fljótum, laugardaginn 24. júlí kl. 14.00.

Blóm og kransar afþakkaðir, en þeim, sem vilja minnst hennar, er vinsamlega bent á Minningarsjóð Karólínu Kristjánsdóttur ljósmóður í umsjá Guðrúnar Halldórsdóttur, sími 467 1026.



Birna Salómonsdóttir,
Salómon Viðar Reynisson, Þóra Lind Karlsdóttir,
Ásgrímur Viðir Reynisson, Helga Þorsteinsdóttir
og barnabarnabörn.




Faðir okkar, tengdafaðir og afi,

KRISTJÁN TRYGGVASON,
Norðurgötu 45,
Akureyri,

verður jarðsungen frá Akureyrarkirkju föstudaginn 23. júlí kl. 13.30.

Jarðsett verður í Kaupvangskirkjugarði.



Hulda Kristjánsdóttir, Auður Birgisdóttir,
Eiríkur Kristjánsson, Hulda Baldursdóttir,
Inga Eiríksdóttir, Haukur Eiríksson.



Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

JÓHANNES ÁGÚST GUÐMUNDSSON
bóndi, Syðri-Pverá,
síðar á Illugastöðum, Vatnsnesi,

lést á Heilbrigðisstofnun Hvammstanga mánudaginn 19. júlí.

Jarðarförin auglýst síðar.

Auðbjörg Guðmundsdóttir,
Jónína Ögn Jóhannsdóttir,
Guðmundur Jóhannesson,
Bjarney G. Valdimarsdóttir,
Árni Jóhannesson,
Anna Ólsen,
barnabörn og barnabarnabörn.



Ástkær faðir okkar, tengdafaðir og afi,


ELÍAS SVAVAR JÓNSSON,
Hrafnistu, Reykjavík,
fyrrv. stöðvarstjóri
Pósts og síma, Drangnesi,

lést á Drangnesi miðvikudaginn 14. júlí sl.

Jarðsungið verður frá Drangneskapellu laugardaginn 24. júlí kl. 14.00.

Sigrún Elíasdóttir,
Þráinn Elíasson,
Jón Hörður Elíasson,
Hugrún Elíasdóttir,
Ragnhildur Elíasdóttir,
og fjölskyldur.

Bjarni Skarphéðinsson,
Guðbjörg Gestsdóttir,
Jenný Jensdóttir,
Johnny Símonarson,
og fjölskyldur.



Elskuleg eiginkona mín, stjúp dóttir, móðir, tengdamóðir, amma og langamma,

ÆDALHEIÐUR JÓNA SIGURGRÍMSDÓTTIR,
Miðstræti 3 (London),
Vestmannaeyjum,

sem andaðist á heimili sínu að morgni föstudagsins 16. júlí, verður jarðsungen frá Hvítasunnukirkjunni Vestmannaeyjum laugardaginn 24. júlí kl. 14:00.

Halldór Haraldsson,
Geir Þórðarson,
Haraldur Halldórsson,
María Guðmundsdóttir, Sigursteinn Hjartarson,
Svana Guðmundsdóttir, Hjálmtýr Unnar Guðmundsson,
Geir Halldórsson, Helena Sigríður Pálsdóttir,
barnabörn og barnabarnabörn.

